

Hverfisnefnd Oddeyrar

23. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í matsal Oddeyrarskóla þriðjudaginn 2. nóvember 2004 og hófst fundur kl. 20.00.

Mætt voru: Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannesson, Sólveig Jóhannsdóttir, Hafðís Pálsdóttir, Hallgrímur Skaptason, Hörður Sigurhárðarson, Hólmar Svansson (bæði fyrir hönd Landflutninga / Samskipa og sem nefndarmaður), gestir: Ólafur Ásgeirsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og frá BÍlklúbbi Akureyrar þeir Kristján Kristjánsson formaður, Brynjar Pálsson og Sigurður Ágústsson.

1. **Bílasýningar, umferðarmál og skipulag - trukkalagning.**

Rætt var um bílasýningu við Oddeyrarskóla og það ónæði sem íbúar nærliggjandi húsa hafa orðið fyrir þá sérstaklega á síðustu sýningu þar sem trukkom frá Landflutningum var lagt upp á gangstétt meðfram skólalóðinni að vestan og sunnanverðu. Þá var mikil umræða um umferðahnúta sem urðu þegar trukkar voru að fara um leið og síðustu sýningargestirnir. Íbúar í hverfinu hafa haft áhyggjur af afleiðingum þess ef sjúkrabílar og/eða slökkviliðsbílar þyrftu að komast um göturnar á þessum tíma.

Eftir miklar umræður, þar sem reynt var að hafa áhrif á að trukkar yrðu ekki notaðir til að loka eða afmarka sýningarsvæðið var lokaniðurstað sú að BÍlklúbburinn notaði reynslu síðustu sýningar til að læra af og í framhaldi af því:

a) Gera verklagsreglur.

Þannig að hver og einn vissi hvað og hvernig ætti að gera hlutina og minni hætta væri á að eitthvað gleymdist og auðveldara væri að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni og ekki síst að reynslan nýttist við næstu sýningu

b) Bæta umferðarstjórnun.

Ætti að vera unnin í samvinnu við lögreglu og samkvæmt umræðu fundarins Gott væri að gera skilti í Hvannavöllum og hvetja sýningargesti til að nota bílastæðin þar og einnig niður í Hjalteyrargötu og hvetja sýningargesti til að nota bílastæðin við Hagkaup.

c) Senda út dreifibréf

til íbúa nærliggjandi gatna þar sem framkvæmdinni er lýst og íbúar beðnir afsökunar á því ónæði sem sýningin óneitanlega veldur. Íbúar einnig hvattir til að leggja auka bílum sínum og kerrum á tilgreind bílastæði.

Gestir fóru af fundi: Ólafur Ásgeirsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og frá BÍlklúbbi Akureyrar þeir Kristján Kristjánsson formaður, Brynjar Pálsson og Sigurður Ágústsson. Nefndarmenn ræddu síðan niðurstöðu umræðunar og voru ekki á eitt sáttir með notkun svo stórra bíla í svo þröngu hverfi.

2. **Endurskoðun fjölskyldustefnu**

Bréf barst frá Katrínu Ríkarðsdóttur um endurskoðun fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar þar sem nefndinni var gefið tækifæri á að gera tillögu að endurbætum og/eða nýjum verkefnum.

Það sem snýr að nefndinni er mest Umhverfi og framkvæmdir og urðu nokkrar umræður þar um og ákveðið að Sólveig reyndi að fá ”drög að lista um opin svæði þar sem úrbóta er þörf” frá Katrínu.

Gönguleiðir komu þá til umræður og hallar þá mjög á gönguleiðir á Oddeyri sem þurfa oft skýrari afmörkunar og mætti gera herra undir höfði á kostnað bílaumferðar þannig að bílarnir yrðu meiri gestir í þessu þröngu götum.

Mörg gatnamótin eru of við og erfitt að fara um með börn á hjólum. Þá kemur skólalóðin sterkt inn sem miðdepill hverfisins fyrir fjölskylduna ekki síst börn og unglíngi og þar sjáum við fyrir okkur að það samræmist fjölskyldustefnunni að fá annað hvort íþróttaliðið til að starfrækja fótboltaæfingar á hinum nýja gerfigrasvelli. Einnig ætti að vera hægt að hafa einhverjar íþróttaæfingar í íþróttahúsinu fyrir yngri krakka í hverfinu.

Frekari umræða biður næsta fundar.

3. **Undirbúningur aðfundar.**

Aðalfundur skal verða 23. nóvember kl. 20.00. Sólveig sér um að senda auglýsingu í Dagskrána fyrir 15. nóv. þar sem íbúar eru hvattir til að hafa samband ef þeir hafa áhuga á að starfa í nefndinni. Hjalti ætlar að taka saman yfirlit yfir starfsárið og samþykktir síðasta aðalfundar og viðbrögð við þeim.

Fleira ekki gert,
Sólveig Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.